

**Ed.** **166. Frumvarp til laga** [120. mál]  
um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, sbr. lög  
nr. 29 28. apríl 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

**1. gr.**  
Í stað orðanna „sem í lögum nr. 68/1947 segir“ í 1. mgr. 6. gr. komi: sem  
í lögum um eftirlit með skipum segir.

**2. gr.**  
2. tölul. 8. gr. orðist svo: Ráðherrar og ráðuneytisstjórar.

**3. gr.**  
Í stað „5. gr., 3. málsg.“ í 13. gr. komi: 4. málsg. 5. gr.

**4. gr.**  
4. mgr. 20. gr. falli niður.

**5. gr.**  
Í stað „20 000.00“ í 44. gr. komi: 100 000.00.

6. gr.  
Í stað „20 000.00“ í 1. mgr. 48. gr. komi: 100 000.00.

7. gr.  
Í stað „20 000.00“ í 54. gr. komi: 100 000.00.

8. gr.  
Í stað „20 000.00“ í 55. gr. komi: 100 000.00.

9. gr.  
Í stað „20 000.00“ í 2. tölul. 2. mgr. 59. gr. komi: 100 000.00.

10. gr.  
Í stað „10 000.00“ í 3. tölul. 2. mgr. 80. gr. komi: 50 000.00.

11. gr.  
Fyrirsögn XIV. kafla orðist svo: Um mál ungmenna, sektavald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.

12. gr.  
111. gr. orðist svo:  
Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkv. lögum þessum, sbr. og lög um vernd barna og ungmenna.

13. gr.  
112. gr., sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, breytist sem hér segir:  
a. Í stað „3 000.00“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 30 000.00.  
b. Í stað „5 000.00“ í 2. mgr. komi: 10 000.00.  
c. Í stað „1 000.00“ í 3. mgr. komi: 3 000.00.

14. gr.  
Í stað „3 000.00“ í 3. tölul. 1. mgr. 113. gr. komi: 30 000.00.  
4. mgr. 113. gr. falli niður.

15. gr.  
Í stað „3. og 4. mgr. 113. gr.“ í 2. mgr. 114. gr. komi: 3. mgr. 113. gr.

16. gr.  
Í stað orðanna „fulltrúi hans í héraði“ í 3. másl. 1. mgr. 143. gr. komi: fulltrúi hans í héraði og fyrir hæstarétti, sbr. 1. mgr. 181. gr.

17. gr.  
Orðin „200—5000 krónur“ í 159. gr. falli niður.

18. gr.  
160. gr. orðist svo:  
Sá, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

19. gr.  
6. mgr. 174. gr. orðist svo:  
Sakta skal kæranda fyrir tilefnislausu kæru. Sekt rennur í ríkissjóð.

20. gr.  
Í stað „5 000.00“ í 2. og 4. tölul. 2. mgr. 175. gr. komi: 50 000.00.

21. gr.

Við 2. mgr. 179. gr. bætist: Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dóms á sama hátt.

22. gr.

Við 1. mgr. 181. gr. bætist: Saksóknari getur falið skipuðum fulltrúa sínum sókn máls fyrir hæstarétti, enda fullnægi hann lagaskilyrðum til skipunar í embætti saksóknara, og ber fulltrúinn þá allar skyldur saksóknara.

23. gr.

1. mgr. 186. gr. orðist svo: Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðs-dómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós.

24. gr.

187. gr. orðist svo:

Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbún- ingi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um meðferð opinberra mála eru að stofni til frá árinu 1951. Í þeim eru allmörg ákvæði, þar sem vísað er til verðlags, en þau ákvæði eru nú af eðlilegum ástæðum úrelt vegna verðlagsbreylinga, og þarfnast því endurskoðunar. Með frum- varpi þessu er lagt til, að ákvæðun þessum verði breytt til meira samræmis við núverandi verðlag, en auk þess eru lagðar til nokkrar aðrar minniháttar breytingar.

Eigi er þörf ítarlegra skýringa við einstakar greinar, en að því leyti, sem þeirra þykir þörf, verður hér gerð nokkur grein fyrir þeim.

Við 3. gr. Leiðrétting.

Við 4. gr. Ákvæðið er nú úrelt eftir tilkomu laga nr. 55/1962 um kjarasam- nginga opinberra starfsmanna.

Við 5.—9. gr. Til að framkvæma ýmsar gerðir í sambandi við rannsókn mála, svo sem hald á munum, leit og handtöku, er það m. a. skilyrði, að brot geti varðað a. m. k. 20 000.00 kr. sekt. Er lagt til, að fjárhæð þessi verði fimmfölduð.

Við 10. gr. Samkvæmt gildandi lögum er skylt að skipa sökunaut verjanda, ef brot getur varðað m. a. 10 000.00 kr. sekt. Er lagt til, að fjárhæð þessi verði fimmfölduð.

Við 13. gr. Á árinu 1966 var 112. gr. laganna breytt á þann veg, að lögreglu- stjórnum var heimilað að ljúka tilteknum málum með sektargerð, enda teldi lögreglu- stjóri brot eigi fara fram úr 5 000.00 króna sekt. Sektargerðir þessar hafa gefið góða raun, og þær hafa létt verulega álagi af dómstólum. Vegna fenginnar reynslu og verðlagsbreytinga þykir rétt að leggja til, að sektarheimild lögreglustjóra verði hækkuð í 10 000.00 kr. Er þar um að ræða sömu fjárhæð og tollyfirvöld hafa til að ljúka kærnum með sektargerð, sbr. lög nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleffirlit. Þá er lagt til, að sektarheimild lögreglumanna nái til brota allt að 3 000.00 kr. sekt. Loks er lagt til, að hækkuð verði sú fjárhæð, þar sem dómari getur með bókun ákveðið eignarupptöku, þegar sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur. Hefur sú fjárhæð staðið óbreytt frá 1951.

Við 14. gr. Lagt er til, að sektarfjárhæð, sem er skilyrði fyrir því, að dómari höfði mál af sjálfsdáðun á hendur sökunaut, sem ekki hefur komið fyrir dóm, verði tífölduð. Þá er lagt til, að ákvæði 4. mgr. 113. gr. falli niður, enda það óþarft, þar sem dómar í málum þessum fara til saksóknara eftir almennum reglum.

Við 15. gr. Breyting þessi leiðir af niðurfellingu 4. mgr. 113. gr.

Við 16. og 22. gr. Lagt er til, að tekið verði upp ákvæði um heimild saksóknara til að fela fulltrúa sínum sókn mála fyrir hæstarétti, en nú flytur saksóknari sjálfur öll mál þar. Er þá gert ráð fyrir því, að slíkur fulltrúi uppfylli sömu skilyrði og þarf til skipunar í embætti saksóknara, en það eru sömu skilyrði og til skipunar í embætti hæstaréttardómara.

Við 17., 18., 19., 23. og 24. gr. Lagt er til, að ákvæði um lágmark og hámark réttarfarssektu verði felld niður. Er það í samræmi við breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33/1963.

Við 20. gr. Lagt er til, að tilgreind lágmarkssekt og lágmarksfjárhæð á upptækum verðmætum, þar sem saksóknara er skylt að áfrýja dómi eftir kröfu ákærða, verði tífölduð.

Við 21. gr. Tekið er inn ákvæði um sendingu dóma frá saksóknara til dómsmálaráðuneytis, þegar dómi verður eigi áfrýjað, og er ákvæðið í samræmi við starfsvenju.